



Fundargerð

35. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn í fjarfundarkerfi Zoom, 7. desember 2020, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Jóhann Gíslason og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. 33. fundur stjórnar Odda bs. - 2012003

Fundargerð 33. fundar stjórnar Odda bs. lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerð 6. fundar Héraðsnefndar Rangæinga ásamt fundargerð héraðsráðs 10. nóv. 2020 - 2012009

Fundargerð 6. fundar Héraðsnefndar Rangæinga lögð fram til kynningar, ásamt fundargerð héraðsráðs dags. 10. nóvember 2020.

Lagt fram til kynningar.

3. 34. fundur stjórnar Odda bs. - 2011042

Lögð fram fundargerð 34. fundar stjórnar Odda bs.

2. dagskrárliður; rekstraráætlun 2021.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti rekstraráætlun Odda bs. 2021, sbr. 2. dagskrárlið fundargerðar, með 3 atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GJG) en 2 sitja hjá (EG og ES).

4. 22. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rang. - 2011040

Lögð fram fundargerð 22. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs.

Rekstraráætlun 2021.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti rekstraráætlun Tónlistarskóla Rangæinga bs. fyrir rekstrarárið 2021.

5. 11. fundur stjórnar Vatnsveitu - 2011041

Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2021.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Vatnsveitu fyrir rekstrarárið 2021.

6. 49. fundur stjórnar félags- og skólaþjónustu - 2011038

Lögð fram fundargerð 49. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu lögð fram. Dagskrárliðir 1, 4, 5 og 6 til staðfestingar aðildarasveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlanir skólaþjónustu, félagsþjónustu, málaflokks fatlaðs fólks og heimaþjónustu fyrir rekstrarárið 2021.

7. 67. fundur stjórnar Brunavarna Rang. - 2011037

Lögð fram fundargerð 67. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. 2. dagskrárliður, fjárhagsáætlun 2021 til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu 2021 fyrir sitt leyti.

8. 214. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rang. - 2011039

Lögð fram fundargerð 214. fundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 3. og 4. dagskrárliður til staðfestingar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti gjaldskrá Sorpstöðvar, sbr. 3. dagskrárlið og rekstraráætlun Sorpstöðvarinnar 2021, sbr. 4. dagskrárlið.

9. Fundur oddvitanefndar UTU um seyrumál, dags. 27. nóvember 2020. - 2011044

Lögð fram fundargerð oddvitaneNDAR UTU, sem haldinn var 27. nóvember 2020. Dagskrárliðir 1, 2, 3 og 4 vísað til staðfestingar aðildarsveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti bókanir við dagskrárliði 1, 2, 3 og 4. Sveitarstjóra falið að undirrita skiptayfirlýsingu og lóðarleigusamning vegna Flatholts 2 fyrir hönd Ásahrepps.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóri að vinna tillögu að samþykkt um fráveitumálefni og gjaldskrá fyrir þjónustuna sem lagðar verði fram til fyrri umræðu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar.

10. 81. fundur stjórnar UTU bs. - 2012008

Fundargerð 81. fundar stjórnar UTU bs. lögð fram. Dagskrárliður 4 er til staðfestingar hjá aðildarsveitarfélögum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun UTU bs. árið 2021 fyrir sitt leyti.

11. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021 - 2024 - 2011036

Umræða um drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021-2024.

Sveitarstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021-2024 og gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað frá síðasta fundi. Búið er að setja inn rekstartölur í samræmi við rekstraráætlanir byggðasamlaga sem samþykktar hafa verið og skv. samþykkt hreppsnefndar á 34. fundi um álagningu og gjaldskrár.

Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021-2024 vísað til afgreiðslu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar sem haldinn verður þann 16. desember n.k.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að óska eftir fresti til að skila inn fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021-2024 fram að jólum eða til og með 23. desember 2020. Sveitarstjóra falið að óska eftir umræddum fresti fyrir hönd Ásahrepps.

12. Ákvörðun um fyrirkomulag stjórnsýslu Ásahrepps vegna Covid-19. - 2011043

Taka þarf ákvörðun um fyrirkomulag stjórnsýslu Ásahrepps í ljósi aðstæðna á tímum COVID-19. Ákveðið var að loka skrifstofunni fyrir almenningi þar sem ekki var hægt að tryggja náandarreglu sóttvarna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hafa skrifstofu sveitarfélagsins áfram lokaða fyrir almenningi skv. fyrri auglýsingu. Hreppsnefnd mun endurskoða þessa ákvörðun sína á reglubundna fundi sínum í janúar 2021.

Fundi slitið kl. 10:30.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Egill Sigurðsson

Elín Grétarsdóttir

Guðmundur Jóhann Gíslason

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason